

12. desember 2018

Frásögn af þrettánda fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Margrét Harðardóttir, Svanhildur K. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson, Þorvar Hafsteinsson og Þórður Kristjánsson.

Gestur fundarins var Arnór Guðmundsson og sat hann fyrri hluta fundarins. Meðal þess helsta sem fram kom:

- Farið yfir fund Tim Oates hjá MMS í síðustu viku. Í fyrirlestri Oates kom fram að kostnaður við prófin væri mjög mikill og að erfitt væri að lækka hann, hvort sem verið væri að semja próf fyrir 4.000 eða 400.000 nemendur. Rætt um prófatriði, rafræn próf, nám nemenda, fjármál, námsmatsramma og fleira. Rætt um upplýsingar um námsmat – lagt fram yfirlit yfir mismunandi tegundir prófa.
- Námsmatsrammi (e. assessment framework) veitir yfirlit yfir allt námsmat sem fer fram í skólum og hvernig mismunandi mat, próf eða kannanir hafa ólík hlutverk. Hver þáttur skiptir máli í heildarnámsmati. Samræmd könnunarpróf eru yfirleitt einn hluti af heildarnámsmati í hverju landi. Námsmatsrammi gæti auðveldað kennurum og skólum skipulag náms, gæti greint betur samhengi námsmats eftir námssviðum, stutt við námskrá og gefið hagaðilum upplýsingar.
- Nú sjá skólar alfarið um námsmat við lok grunnskóla – eitthvað sem var áður var stutt með samræmdum prófum.
- Bent á að samræmd próf hafi breiðan tilgang og mikilvægt að starfshópurinn skoði hlutverk samræmdra könnunarprófa með hliðsjón af öðru námsmati á Íslandi.
- Komið inn á hlutverk alþjóðlegra prófa, til dæmis PISA, TIMMS og PIRLS. Mikill kostnaður í kringum slík próf. Bent á að skort hafi á úrvinnslu og nýtingu gagna sem þyrfti að vinna betur. Er e.t.v. nóg að hafa slíka próf til að meta árangur á landsvísu? Veita þau nægar upplýsingar?
- Við samanburðargreiningu á einkunnum nemenda úr skólum og niðurstöðum samræmdra prófa sést mikið samræmi milli einkunna skóla og einkunna samræmdra könnunarprófa. Hins vegar eru nokkur frávik. Bent á að e.t.v. þurfi að veita skólum og sveitarfélögum betri stuðning til að vinna með þessu þætti, hafa umbótamiðaðar áherslur.
- Vísað í fjármálaáætlun þar sem nefnt er að hefja eigi vinnu við að undirbúa skimunarpróf í stærðfræði og náttúrufræði.
- Bent á að Lesferill hafi að ýmsu leyti sama hlutverk og samræmd próf, þar er verið að þróa lesskilningspróf. Spurt er hvort það sé raunhæft að hætta að nota samræmd próf og nota lesferil.
- Rætt um hvernig sé unnt að samnýta efni og prófatriði milli landa
- Rætt um skimunarpróf í stærðfræði og hvaða árangri þau ná. Talað um að það þurfi að vera heildrænt námsmat.

- Umræða um hið margþætta hlutverk samræmdra prófa á Íslandi. Niðurstöður til að meta menntakerfi, veita endurgjöf til nemenda og forráðamanna og veita upplýsingar um nemendur. Eiga samræmd próf að hafa það hlutverk að veita aðhald og vera ákveðið eftirlit?
- Rætt um hugtakið „accountability“. Talað um ábyrgð og réttindi nemenda til góðrar menntunar. Vangaveltur um umboð kennara – er það viðeigandi að lögð séu fyrir próf sem m.a. eiga að nýtast til að fylgjast með árangri af kennslu þeirra. Er ekki eðlilegt að það sé gert á annan hátt. Talað um að hluti af ytra mati skóla sé að skoða árangur nemenda og hafa ákveðnar upplýsingar um stöðu mála í skólanum. Fram kemur að það sé mikilvægt að hafa traustar upplýsingar fyrir foreldra og þá sem hafa ábyrgð með rekstri skólans.
- Ytri mælikvarðar til að meta skólastarf og styðja starf skóla. Umræða þar sem ræddir eru gallar við slíkt kerfi og sagt að við þurfum líka ákveðnar upplýsingar. Talað um það þurfi ákveðna baktryggingu fyrir gæðastarfi í skólunum.
- Rætt um sýnishorn af prófum sem safnast hafa í dropboxið. Nefndarmenn hvattir til að skoða prófin og bæta við í prófasafnið eftir því sem þeir hafa tök á.
- Á næsta fundi eru verður farið þ nefndarmenn komi með innlegg um mögulega niðurstöðu hópsins. Leggur áherslu á punkta frá nefndarmönnum á fyrsta fund eftir áramót. Ætlum að byggja upp ákveðna grind af niðurstöðum.
- Umræða um samræmd námsmat á framhaldsskólastiginu og hvernig nefndin eigi að nálgast tillögu um það skólastig. Ýmsar umræður um málefnið, rætt um frumvarpið, hvernig framhaldsskólar framfylgja lögunum, hvernig er komið til móts við alla nemendur, framboð af verknámi, hvaða samræmda námsmat er í framhaldsskólum og fleira.
- Rætt um niðurstöður af samráðsfundinum í Garðabæ – verið að vinna þær niðurstöður áfram. Verið að draga saman megin niðurstöður af fundinum.
- Næsti fundur verður 19. desember og er það síðasti fundur á þessu ár. Gert ráð fyrir a.m.k. tveimur gestum á næsta fund. Verið er að skoða möguleika á fundi á Akureyri í byrjun janúar. Þá er verið að skipuleggja fund með nemendum. Til stendur að formaður hitti skólamálanefnd Sambandsins. Rætt um að ljúka heimsóknnum gesta til nefndarinnar fljótlega.
- Fyrsti fundur á nýju ári verður 9. janúar. Þá er gert ráð fyrir innleggi frá hverjum nefndarmanni, jafnvel í samráði við bakland sitt.

SÓ / SKS 2018